

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar.
Kjarna,
650 Laugum.

Reykjavík 23. janúar 2026

Árétting og ítrekun.

Málefni: Óheimill rekstur eigin hitaveitu Jarðbaðanna hf. í Mývatnssveit á ábyrgð Þingeyjarsveitar (áður Skútustaðahrepps).

Vísað er til fyrri bréfaskipta umbj.m. Landeigenda Reykjahlíðar ehf. og Skútustaðahrepps og síðar Þingeyjarsveitar í kjölfar sameiningar, vegna óheimils reksturs eigin hitaveitu Jarðbaðanna hf. á ábyrgð sveitarfélagsins. Svarbréfi landeigenda frá 5. júlí 2022 var í engu svarað og enn lætur sveitarfélagið hina ólögsmætu starfsemi viðgangast og hefur beinlínis um það forgöngu til tjóns (fjártjóns) fyrir sveitarfélagið og einnig landeigendur, í því skyni að afla einu einkafyrirtæki ávinnings á kostnað þessara tveggja aðila.

Um kröfur umbj.m. í málinu er sérstaklega vísað til krafna sem fram komu í bréfi til Skútustaðahrepps frá 8. október 2021, í fjórum töluliðum.

Samandregið og til upprifjunar hefur Þingeyjarsveit (áður Skútustaðahreppur) talið sér heimilt að hagnýta kalt vatn úr Austaraselslindum að vild þ. á m. gefa einu einkafyrirtæki í sveitarfélaginu, Jarðböðunum hf. kalt vatn úr lindunum til reksturs eigin hitaveitu. Umbj.m. telur það óheimilt með öllu og hefur komi á framfæri mótmælum sínum, en Austaraselslindir eru í eigu landeigenda Reykjahlíðar. Kalt vatn sem kemur úr Austaraselslindum um samnefnda lögn er eingöngu ætlað að flytja kalt vatn;

- 1) til upphitunar fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar, til framleiðslu „hitaveituvatns“ skv. samningi landeigenda við íslenska ríkið og,
- 2) til neysluvatnsnotkunar fyrir Skútustaðahrepp sem Vatnsveita Skútustaðahrepps dreifir, skv. samningi landeigenda Reykjahlíðar við sveitarfélagið frá 20. janúar 1990 („neysluvatnssamningur“).

Umbj.m. segir engar heimildir standa til þess að hagnýta kalda vatnið sem tekið er úr Austaraselslindum í öðru skyni, líkt og Skútustaðahreppur hefur heimilað í þágu eins einkafyrirtækis, Jarðbaðanna hf.

Hefur umbj.m. hvorki veitt leyfi eða samþykkt takmarkalaus ráðstöfun á köldu vatni úr Austaraselslindum endurgjaldslaust eða að einkafyrirtækjum í sveitarfélaginu sé gefið vatn úr lindunum. Umbj.m. taka fram að í fjölmörgum gömlum fundargerðum sveitarstjórnar Skútustaðahrepps og vatnsveitunefndar hreppsins sem umbj.m. hefur

yfirfarið er að finna ítarlegar upplýsingar um hver tilgangur hafi verið með Austaraselslögninni í öndverðu. Núverandi stjórnendum sveitarfélagsins ætti ekki að dyljast þær takmörkuðu heimildir sem eru til nýtingar úr Austaraselslindunum. Umbj.m. lætur hér fylgja með greinargerð Orkustofnunar sem unnin var fyrir Skútustaðahrepp að beiðni þáverandi sveitarstjóra frá 30. júní 1981, sem sýnir svart á hvítu hver tilgangur var með öflun lindarvatns úr Austaraselslindum. Þykir umbj.m. nú augljóst að Skútustaðahreppur hefur farið langt út fyrir heimildir sínar með því að gefa Jarðböðunum hf. kalt vatn til eigin hitaveitureksturs framhjá öllum viðurkenndum veitukerfum sveitarfélagsins.

Umbj.m. vill taka eftirfarandi fram til áréttingar:

Í fyrsta lagi eru Austaraselslindirnar í eigu landeigenda Reykjahlíðar og aðeins er leyfð takmörkuð notkun úr þeim, þ.e.a.s. annars vegar fyrir Hitaveitu Reykjahlíðar til upphitar og framleiðslu hitaveituvatns og hins vegar fyrir Vatnsveitu Skútustaðahrepps til neysluvatnsnotkunar í sveitarfélaginu.

Í öðru lagi er Hitaveita Reykjahlíðar með einkaleyfi á sölu og dreifingu á heitu vatni í Skútustaðahreppi skv. 3. gr. reglugerðar nr. 432/1985, um Hitaveitu Reykjahlíðar. Skútustaðahreppur (nú Þingeyjarsveit) hefur þannig engar heimildir til að veita einu fyrirtæki sérstaka heimild til að standa utan veitukerfis hitaveitunnar og beinlínis leggja því lið til að svo geti orðið. Umbj.m. telur að um geti verið að ræða ólögmdæta ríkisaðstoð sem beri að hætta tafarlaust.

Í þriðja lagi er ekki að finna neinar heimildir í lögum sem réttlæta að sveitarfélagið sem rekur Hitaveitu Reykjahlíðar samkvæmt leigusamningi („hitaveitusamningur“) við landeigendur Reykjahlíðar, gefi eftir tekjustofna sveitarfélagsins, og aðeins þegar kemur að einu einkafyrirtæki, en sem kunnugt er, eru Jarðböðin hf. stórnotandi á heitu vatni. Vísast um þetta til fyrri bréfaskipta og einnig til skýrslu Egils Benedikts Hreinssonar fyrrverandi prófessors og verkfræðings um áætlaða meðalnotkun baðgesta á heitu vatni í Jarðböðunum hf., sem sveitarfélagið hefur undir höndum.

Í fjórða lagi er enn í gildi framangreindur leigusamningur við landeigendur Reykjahlíðar um leigu hitaveitunnar, en hann er frá 1. júlí 1971. Nýlega var gerður viðauki við hann hinn 6. febrúar 2020, m.a. um nýtt viðmið fyrir leigugreiðslur. Með því að sveitarfélagið hefur látið undir höfuð leggjast að tengja Jarðböðin hf. við hitaveitukerfið, þykir ljóst að landeigendur sem leigusali hafa orðið fyrir gríðarlegum tekjumissi, líkt og sveitarfélagið sjálft, nú um langt skeið. Vegna þessara athafna eða athafnaleysis sveitarfélagsins, telur umbj.m. sveitarfélagið hafa bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart umbj.m.

Í fimmta lagi áréttar umbj.m. að ef sveitarfélagið kemur ekki á lögmdætri skiptan mála nú þegar eða gerir viðeigandi ráðstafanir, þykir einsýnt að „hitaveitusamningurinn“ er í uppnámi og brostnar forsendur fyrir honum. Auk þess sem grípa þarf til sérstakra aðgerða vegna „neysluvatnssamningsins“ frá 20. janúar 1990, enda sveitarfélagið að hagnýta sér kalt vatn úr Austaraselslindum langt umfram heimildir.

Í kjölfarið á gerð nýs hitaveitusamnings landeigenda við þáverandi sveitarstjórn Skútustaðahrepps árið 2020, var lofað að ráðast í úrbætur af hálfu sveitarfélagsins og koma málum í rétt og lögmætt horf, en ekkert hefur verið aðhafst. Hver sveitarstjórnin á fætur öðrum hefur síðan tekið við stjórn sveitarfélagsins án þess að aðhafast nokkuð.

Er nú kallað eftir sveitarstjórn grípi til tafarlausra ráðstafana og gæti þannig hagsmuna sveitarfélagsins um hitaveitu í sveitarfélaginu og virði rétt viðsemjanda síns um hitaveituna, landeigenda Reykjahlíðar. Er óskað svara eigi síðar en 15. febrúar n.k.

RARIK

Fyrir liggur að RARIK hefur nú óskað eftir að fá að grafa skurð í gegnum land Reykjahlíðar í því skyni að koma nýrri raflögn til Jarðbaðanna, eins og málið hefur verið kynnt. Ekkert liggur hins vegar fyrir hverju eigi að koma fyrir í skurðinum að öðru leyti, hvort heldur er stærri vatnslögn, eða eftir atvikum stærri skiljuvatnslögn úr Varmaskiptastöðinni í Bjarnarflagi.

Til slíks skurðgrafar þarf framkvæmdaleyfi. Landeigendur Reykjahlíðar vilja taka fram að þeir samþykki engar framkvæmdir í landi sínu og allra síst í þágu einkafyrirtækisins Jarðbaðanna ehf. sem enn fá afhent kalt vatn frá sveitarfélaginu, endurgjaldslaust og í heimildarleysi til reksturs eigin hitaveitu, fyrr en sveitarfélagið hefur leyst úr þessum hitaveitumálum Jarðbaðanna ehf. eftir atvikum með samningi eða öðrum lögmætum hætti. RARIK verður svarað með þessum hætti á meðan málið er óleyst.

Að öðru leyti er vísað til fyrri bréfaskipta og framlagðra gagna, sem jafnframt fylgja erindi þessu auk þess sem allar kröfur umbj.m. eru áréttaðar, m.a. sem koma fram í bréfi umbj.m. frá 8. október 2021.

Virðingarfyllt,



Guðmundur H. Pétursson, hrl.

Fylgiskjöl:

- 1) Greinargerð Orkustofnunar; Skútustaðahreppur, neysluvatnsöflun úr Austaraselslindum, dags. 30. júní 1980.
- 2) Bréf Landeigenda Reykjahlíðar til Skútustaðahrepps, dags. 21. júní 2021
- 3) Yfirlit yfir innsend erindi Landeigenda Reykjahlíðar ehf. til Skútustaðahrepps ásamt fylgiskjöllum (Júní 2021)
- 4) Bréf Skútustaðahrepps til Landeigenda Reykjahlíðar ehf. dags. 24. ágúst 2021.
- 5) Bréf Landeigenda Reykjahlíðar til Skútustaðahrepps dags. 8. október 2021.
Kröfur ítrekaðar.
- 6) Bréf Skútustaðahrepps til Landeigenda Reykjahlíðar ehf. dags. 3. nóvember 2021.
- 7) Bréf Landeigenda Reykjahlíðar ehf. til Skútustaðahrepps dags. 5. júlí 2022.